

Umhengni.

- **Umsjónaraðili** að húsinu heitir Agla Egilsdóttir og hún er með netfangið aglaegils@gmail.com. Agla er búsett í Torriveija. Ef eitthvað kemur upp á vinsamlega hafið samband við hana í **Síma: 020965-4369 0190 26 3236** og mun hún greiða úr málum eftir atvikum.
- **Athugið - Loftkæling** Hafið ekki loftkælinguna í gangi ef opið er út því þá virkar hún ekki sem skildi því allt kalda loftið frá kælingunni leitar út úr húsinu. Rétt stilling á loftkælingu er **24-26** gráður. Allar stillingar þar fyrir neðan eru óþarfi, því kerfið kælir ekki hraðar þó að stillt sé á lægri gráðu. Hafið í huga að röng notkun á loftkælingu getur valdið óþægindum í öndunarfærum.
- **Ekki skilja eftir lykil að innanverðu** í útidyrhurðinni. Ef hurðin er lokuð og lykill í skránni að innanverðu er ekki hægt að setja lykil í skrána að utanverðu. Munið að hurðina er einungis hægt að opna með utan svo að það er **afar mikilvægt að hafa alltaf lykila á sér**. Einnig er rétt að hafa í huga að hafa ekki opnar hurðir ef fólk er t.d. í sundlaugargarðinum þar sem það gæti freistað óvandaðra manna ! Rétt er að læsa alltaf húsinu, draga fyrir hlera og slökkva ljós ef fólk skreppur frá, jafnvel þó í stuttan tíma sé, því allur er varinn góður. Leigutaki ber ábyrgð á húsinu og öllum tilheyrandi búnaði meðan á dvöl stendur. Ef eitthvað skemmist skal tilkynna það strax til skrifstofu félagsins.
- **Neysluvatn** á ekki að láta renna að óþörfu á Spáni þar sem það er af skornum skammti og mjög dýrt. Þetta á bæði við um heitt og kalt vatn.
- Gangið þrifalega um húsið og umhverfi þess og valdið ekki óþarfa ónæði meðan á dvöl stendur.
- Bílaumferð inn í hverfinu er stranglega bönnuð. Notið bílastæðishús eða stæði við byggðina.
- Opinn eldur krefst varúðar, hvort sem er við eldamennsku eða kertaljós. **Bannað er að kveikja eld og einnota grill eru algerlega bönnuð.** Eldsvoðar hafa hlotist af þeim.
- Tökum tillit hvert til annars. Öll háreysti og óþarfa umhengni er bönnuð í Altomar III milli kl. 23:00 og 09:00.
- Við brottför skal ganga vel frá og þrifa í eldhúsi, þ.m.t. örbylgjuofn, ísskáp, eldavél og önnur áhöld. **Áríðandi er að slökkva á loftkælingu** við brottför. **Loka gluggum og hurðum og taka rafmagnstæki úr sambandi.** Gangu skal tryggilega frá rusli og skila því af sér þar sem við á. Ekki skilja eftir matvæli í ísskáp.
- Umsjónarmaður fer yfir húsin eftir hverja dvalargesti og gætir þess að ekki vanti hreinsiefni eða annað sem lagt er til. Hann kannar einnig ástand húsanna og viðskilnað almennt. Ef ekki er þökkalega þrifið eða aðrar athugasemdir koma fram geta leigjendur átt von á sérstökum reikningi vegna þess.
- Munum að það er sameiginlegt verkefni okkar allra að halda orlofsdvalarstöðum í góðu lagi. Skiljum við húsið eins og við viljum taka við því.

Ef eitthvað vantar í húsið eða leigutaki hefur einhverjar athugasemdir, þá vinsamlegast látið umsjónarmann vita.